



13. mars, 2023

Tilv.: 2302126

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, (leyfisskylda), 153. löggjafarþing, 74. mál.

Með tölvupósti dags. 24. febrúar 2023 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda). Um er að ræða að mestu leyti endurflutt frumvarp frá 149., 150., 151. og 152. löggjafarþingi (77. mál). Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri athugasemdum um frumvarpið í umsögnum sínum dags, 11. mars 2020, 9. mars 2021 og 21. mars 2002 (150. löggjafarþing, 158. mál og 151. löggjafarþing, 162. mál og 152. löggjafarþing, 77. mál).

Með frumvarpinu er í 1. gr. lögð til sú breyting á 2. mgr. 3. gr. laga nr. 95/0228 að í stað orðanna „lögmannsstofur og lögaðilar sem eru að öllu leyti í eigu eins eða fleiri lögmanna eða lögmannsstofa, svo og“ komi: og lögmannsstofur. Einnig er í 3. gr. frumvarpsins lögð til sú breyting á 2. mgr. 15. gr. laganna að ákvæðinu verði breytt til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins, þannig að tilvísun til lögaðila í eigu lögmanna, annarra en lögmannsstofa, falli brott.

Fram kemur í greinargerð að með frumvarpinu sé lögð til skýrari aðgreining á milli fyrirtækja með lögmannsþjónustu sem aðalstarfsemi og fyrirtækja sem hafa innheimtu fyrir aðra sem aðalstarfsemi og tekin verði af öll tvímæli um starfsleyfisskyldu hinna síðarnefndu án tillits til eignarhalds. Einnig segir í greinargerð að með lögum nr. 55/2018, sem breyttu innheimtulögum nr. 95/2008, hafi því markmiði ekki verið náð að taka af öll tvímæli um það hvaða félög heyri undir eftirlit fjármálaeftirlitsins og hvaða félög heyri undir eftirlit Lögmannafélags Íslands.

Seðlabanki Íslands bendir á að samkvæmt innheimtulögunum sé það skýrt að lögaðilar í eigu lögmanna eða lögmannsstofa heyri undir eftirlit Lögmannafélags Íslands og getur Seðlabankinn því ekki fallist á þá staðhæfingu í greinargerð með frumvarpinu að enn sé uppi sú staða að félög í eigu lögmanna lúta hvorki eftirliti fjármálaeftirlitsins né Lögmannafélags Íslands, þar sem eingöngu lögmenn eru í félagatali þess, en engin félög. Enn fremur bendir Seðlabankinn á að samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 981/2016 um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi, sé

lögáðilum, sem að öllu leyti eru í eigu lögmanns/lögmanna, eða lögmansstofa heimilt að stunda innheimtu án innheimtuleyfis að því skilyrði uppfylltu að starfsemin falli undir eftirlit úrskurðarnefndar lögmanna.

Þá er bent á að samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga nr. 77/2008 um lögmenn er lögmönnum heimilt að stofna félag um rekstur sinn og að 1. mgr. 19. gr. laganna heimilar lögmönnum að reka útibú frá skrifstofu sinni með því að fela öðrum lögmanni í þjónustu sinni að veita því forstöðu. Slíkt útibú myndi því áfram heyra undir eftirlit Lögmannafélags Íslands.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Björk Sigurgísladóttir  
framkvæmdastjóri  
háttsemiseftirlits

Guðrún Finnborg Þórðardóttir  
forstöðumaður  
skrifstofa bankastjóra